



Hjálparsveitin

DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 4. árg. Desember 2004



**MUNIÐ FLUGELDANA OKKAR
Á HRAFNAGILI!**





*Sendum viðskiptavinum okkar
óskir um heillaríkt nýtt ár
með þökkum fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.*



*Sendum viðskiptavinum okkar
óskir um heillaríkt nýtt ár
með þökkum fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.*



Verslun Glerártorgi - Sími 460 4800
Timburverslun Furuvöllum 1 - Sími 460 4860



*Óska viðskiptavinum okkar
gledilegs árs
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*

G.HJÁL MARSSON H F



Leiðarinn

Ágæti lesandi.

Komið er enn og aftur að áramótum og mikill annatími hjá björgunarsveitamönnum við að undirbúa flugeldasölu. Flugeldasalan er undirstaða fjáröflunar flestra björgunarsveita á landinu, og skiptir þá miklu máli að landsmenn kaupi flugelda af sinni björgunarsveit til að tryggja öryggi sitt. Það sannar sig ár eftir ár að það er nauðsynlegt að hafa öflugar björgunarsveitir í hverju héraði og gott dæmi um það er björgunarafrækið sem unnið var er slysið á Garðsárdal átti sér stað á vormánudum.

Menn spyrja sig afhverju þurfi að vera björgunarsveit í Eyjafjarðarsveit? Er ekki nóg að hafa öfluga sveit á Akureyri? En í björgunarsveitum sem eru í sveitum eru bændur sem hafa þekkingu á skepnum, sem getur komið sér vel ef slys verða í kringum skepnur. Þessir bændur og aðrir íbúar sveitanna fara einnig í fjárgöngur á hverju hausti og þekja því sína dali eins og lófa sína, en það getur skipt sköpum við leit og björgun. Þessir öflugur hópar spyrja sig ekki hvort það er almennur frídagur eða nótt, þegar kallið kemur, við erum alltaf til taks þegar neyðin kallar.

Nú orðið er vaxandi vandi hjá björgunarsveitum að fá ungt og öflugt fólk til starfa til að taka við af þeim eldri og nú er í undirbúningi hjá Dalbjörgu að stofna unglingsdeild til að sporna við þessum vanda. Unglingum gefst kostur á að kynna björgunarsveitir fyrir en ella og stunda heilbriggt lífveri í mikilli útiveru.

Oft heyrast gagnrýnis raddir um björgunarsveitir hjá almenningi, sá orðrómur heyrir stundum að björgunarfólk sé hreinlega að leika sér á tækjunum! En erum við í raun að leika okkur? Til að við getum verið öflug

sveit þurfum við mikla æfingu á tækjunum, neyðin kallar oftast þegar válynd veður eru og færð er slæm, en hvernig eigum við að at- hafna okkur ef við kunnum lítið sem ekkert á tækin? Við viljum biðja fólk um að hugsa þetta til enda og reyna að setja sig í okkar spor. Björgunarfólk- ið þarf líka að hafa gaman af starfinu og fá að gera skemmtilega hluti. Hinn almenni björgunarmaður eyðir mörgum tugum klukkutíma í sjálfböðavinnu ár hvert við fjáraflanir, námskeið og fleira til að byggja upp góða björgunarsveit með góðum björgunartækjum, en ef við mættum ekki snerta tækin okkar nema í björgunarsstörfum þá myndu mjög fáir nenna að standa í þessu, og hver kæmi þá til bjargar?

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt við bakið á okkur liðin ár og vonumst til að sjá ykkur sem flest í flugeldasölnunni í Hrafnagilsskóla.

Gleðilegt ár!

Elmar Sigurgeirsson,
formaður Dalbjargar



- ▶ Malbikun
- ▶ Malbiksviðgerðir
- ▶ Kranabíll
- ▶ Vinnulyftur



Sími

462 6066

892 8330 - Fax 462 6306

Flöguslóða 2 - 603 Akureyri - malbikunkm@islandia.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir
mjaltabása,
mjólkurhús
og margt fleira





Tómas og Ingi í björgunarleiðangri í fyrrasumar.

Reynslusaga björgunarmanns

Hér ætla ég að rifja upp eitt atvik um það að björgunarsveitarmenn eru alltaf á vakt og vita aldrei hvað dagurinn verður langur.

Þannig var að laugardaginn 29. mars 2003 var Landsæfing björgunarsveitanna haldin hér í Eyjafirði og tók undirritaður daginn snemma vegna þess að mæta þurfti í hús Björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri upp úr kl. 6 að morgni. Gekk æfingin hið besta fyrir sig og dagurinn var fljótur að líða við alls kyns störf við stjórnnum æfingarinnar. Henni lauk upp úr kaffi og eftir það var haldið heim til að ganga frá tækjum eftir daginn. Þegar við erum að því barst mér símtal sem síst var von á, það var fólk á fjöllum í vanda. Eftir samráð við svæðisstjórn var ákveðið að jeppi Dalbjargar færi fyrstur í þetta verkefni og ég, Hlynur og Tómas

lögðum af stað um kl. 19:30 upp Kerhólinn. Vorum við komnir að fólkinu sem var fast í krupa 4 km austan Laugarfells um kl 23. Tók þá við mikil vinna við að ná bílunum tveimur upp. Eftir um 2-3 tíma bras voru þeir báðir komnir á þurrt og var þá haldið heim sömu leið.

Við vorum komin niður á þjóðveg um kl 6:30 og þar skildu leiðir. Við fórum í Bangsabúð, gerðum bíllinn kláran í næsta slag og héldum síðan heim. En þannig fór það, ég var að leggjast á koddann tæpum 27 tímum eftir að ég vaknaði morgununninn áður, þannig að maður veit aldrei... kannski verður útkall í nótt.

Með von um að þetta opni augu almennings á starfi björgunarmanna sem eru alltaf reiðubúnir til aðstoðar.

Ingvar Ingólfsson



*Óskum Norðlendingum
gleðilegra jóla,
ánægjulegra áramóta
og farsældar á komandi öld.*

*Þökkum frábær viðbrögð
við nýrri þjónustumiðstöð okkar.*

Toyota á Akureyri, bílasala og verkstæði.



TOYOTA
Akureyri

Baldursnes 1 · 603 Akureyri
Sími 460 4300 · Fax 460 4301
storholt@toyota.is · www.toyota.is

Stúlur

Fallorka gefur fé til stofnunar unglिंगadeildar Dalbjargar

Á næsta ári hefur verið ákveðið að stofna unglिंगadeild Dalbjargar. Vinna við stofnun hennar er komin vel á veg. Unglिंगadeildin er fyrir krakka á aldrinum 14-18 ára og hún hefur það að markmiði að kynna krökkum starf björgunarsveita.

Verður stefnt að því að hitta krakkana tvisvar í mánuði yfir vetrartímann með skipulögðum verkefnum s.s. kassaklifrí, ferðum, stuttum námskeiðum, videókvöldum og fleiru. Katla Ketilsdóttir hefur haft umsjón með undirbúningi unglिंगadeildarinnar en auk hennar verða þeir Tómas, Viðar og Eiður umsjónarmenn deildarinnar.

Aðalsteinn Bjarnason eigandi Fallorku sem stendur að virkjuninni í Djúpadal hefur ákveðið að styrkja rausnarlega við stofnun unglिंगadeildarinnar með 50 þúsund króna gjöf til Hjálparseitarinnar.

Strax eftir áramót munu umsjónarmennirnir fara og kynna starf deildarinnar fyrir nemendum Hrafnagilsskóla.



Dalbjargarmenn við Surtshelli.

Nýliðar

Dalbörg hefur verið iðin síðustu ár að kynda undir áhuga hjá fólki fyrir hjálparseitarstörfum. Það hefur skilað sér mjög vel og á þessu ári gengu 9 manns í sveitina. Það eru þau Eysteinn, Snorri Páll, Vilhjálmur Rist, Jónas, Aðalheiður, Valgeir og Kristján Þór. Einnig fluttu sig tveir fullgildir hjálparseitarmenn til okkar en það eru þeir Kristján Stefánsson og Kári Ingvarsson.

Ef að líkum lætur og nýliðarnir verða duglegir að sækja námskeið verða þau orðnir fullgildir björgunarsveitarmenn eftir 2 ár.

Við hvetjum þá sem hafa áhuga á hjálparseitarstarfi, unga sem aldna, að mæta á næsta fund hjá okkur, en fundir eru haldnir fyrsta sunnudag hvers mánaðar klukkan 20:30 í Bangsabúð. Mikilvægt er að þeir sem hyggjast starfa með sveitinni í vetur mæti strax eftir áramót til að missa ekki af námskeiðum, en starfið er mjög kraftmikið á veturna.

Pétur R. Tryggvason.

BCA SNJÓFLÓÐALEITARBÚNAÐUR.

SNJÓFLÓÐAYLUR
OG SKÓFLUR

UMBOD Á ÍSLANDI.
MÓTUL IS
ÓSEYRI 4 • AKUREYRI
siggi@motul.is // 461 5707.

Útkall á Garðsárdal

Mikill viðbúnaður var settur í gang af hálfu björgunar-sveita á norðurlandi seinnipart dags 2.maí. Tilkynning barst upp úr kl 15 um að 6 vélsleðamenn hefðu ekið fram af snjóhengju í Hafrárdal og Gönguskarði sem eru inn af Garðsárdal. Fimm voru slasaðir í Hafrárdal og einn í Gönguskarði. Ljóst var frá byrjun aðgerðar að erfitt yrði að komast til manna sökum þess að mjög slæmt veður var á þessum slóðum.

Fjölmennt björgunarlið á norðurlandi var ræst af stað og gerð var atlega úr öllum hugsanlegum áttum. Farið var fram Vaðlaheiði á snjósleðum, jeppum og snjóbíl en það gekk mjög illa sökum krupa. Einnig var reynt að fara upp auða Kerhólsöxlina, sem er inni í Sölvadal, á snjóbíl Dalbjargar en í öllu þúfubröltinu þar slitnaði annað beltið á honum. Var þá fenginn samskonar snjóbíll frá Dalvík sem komst alla leið upp og á slysstað. Fimm Dalbjargarmenn fóru fyrstir fram Garðsárdalinn á torfæruhjóllum og áttu þeir fjóra km eftir í gangnamannaskálann Adda þegar þeir þurftu að skilja við hjólin og ganga sökum snjóþunga og stórgrytis. Á eftir komu tvær risavaxnar dráttavélar með sturtuvagna til að ferja gönguhópa fram dalinn og var það ómetanleg aðstoð. Þar á eftir komu svo nokkrir jeppar og þar á meðal voru bílar frá Dalbjörgu. Þegar komið var fram í Adda varð ljóst að ekki væri hægt að komast lengra á björgunartækjunum. Lá þá leið björgunarmannanna gangandi upp bratta hlíðina fyrir ofan Adda og u.þ.b. 4 km langa leið fram dal sem þar er og að slysstaðnum sem var í dragi dalsins.

Fyrstu menn komu á slysstað um kl 23. Þar var



Addi í Garði með fulllestaðan vagn!

um var gljúfur, foss og klettur, svo til að komast niður í Garðsárdalinn þurfti að klifra utan í snarbrattri hlíðinni.

Þegar komið var niður að Adda var mönnum komið í björgunarsveitarbíla og haldið niður dalinn. Búið var að ryðja örlítinn slóða fram Garðsárdalinn með jarðytu til að auðvelda og flýta för björgunarmanna en mörg tæki voru búinn að fara um dalinn og því var heimferðin nokkuð erfið. Mýrarnar voru orðnar að einu svaði og eitthvað var um að tækin festust. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Líf, var búin að sveima allt kvöldið yfir slysstaðnum tveimur en gat ekki athafnað sig vegna veðurofsans. Undir morgun var veðrið að ganga yfir svo þyrlan gat náð í mest slasaða manninn í bíl Dalbjargar og farið með hann á sjúkrahús.

Björgunarmennirnir sem fóru á slysstaðinn í Gönguskarði, þar sem einn maður var slasaður, fóru inn Fnjóskadalinn og gengu upp Skarðsdal og upp í Gönguskarðið. Snjóbíllinn sem fór upp Kerhólsöxlina fór einnig í Gönguskarðið. Göngumennirnir komu að slysstaðnum á undan og ákveðið var að bíða eftir snjóbílum þar sem ekki væri gerlegt að bera manninn til byggða. Svo var farið út á brúnina á Garðsárdalnum á snjóbílum og beðið þar eftir þyrlu, en þar sem veður var vont gekk mjög illa fyrir þyrluna að athafna sig. Eftir talsverðan tíma tókst þó að koma sjúklingnum um borð og farið var með hann á sjúkrahús.

Þá tók talsverðan tíma að koma tækjum og björgunarfólki í hús en þeir seinustu voru að koma í hús eftir hádegi, daginn eftir að útkallið byrjaði. Þetta verkefni björgunarsveitanna var eitt víðamesta verkefni seinni ára. Alls unnu yfir 200 manns að þessu mikla verkefni, allt frá Blönduósi að Egilsstöðum. Um 40 tæki voru í verkefninu; 16 jeppar, 6 snjóbílar, 11 vélsleðar, 5 torfæruhjól, 2 dráttarvélar. Alls unnu um 20 Dalbjargarmenn að þessum björgunaraðgerðum. Báðir bílar sveitarinnar voru notaðir auk einkabíla, snjóbílsins og 5 torfæruhjóla sem eru í einkaeign.

Elmar Sigurgeirsson.



Eiður að draga bíl upp úr mýri.

snælduvitlaust veður, hvasst og skyggni einungis 2-3 metrar. Sleðamennirnir höfðu reynt að búa um sig þar til hjálp bærist en einn þeirra var þá látinn. Eftir umönnun björgunarfólks var byrjað að koma mönnum niður dalinn og að björgunartækjunum. Ferðin niður að Adda var mikil þrekaun. Þrír af þeim slösuðu gátu gengið sjálfir með aðstoð björgunarmanna, en bera þurfti einn mikið slasaðan og hinn látna. Neðst í dal-



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



ÍSLANDBANKI
AKUREYRI

Útköll 2004

Snjóflóð á bæinn Bakka

Um kl. 20 þann 14. janúar fóru 2 björgunarsveitarmenn frá björgunarsveitinni Tindi á Ólafsfirði ásamt lögreglumanni á vélsléðum að bænum Bakka sem er innst í Ólafsfirði. Þá var aftakaveður á svæðinu. Þegar þeir komu að bænum um kl. 22 kom í ljós að snjóflóð hafði fallið á bæinn. Strax í kjölfar þess voru kallaðir út fleiri björgunarsveitarmenn frá Ólafsfirði ásamt því að björgunarsveitir

Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá Akureyri, Árskógsströnd, Dalvík og Skagafirði voru kallaðar út. Hjálparveitin Dalbjörg fékk ósk um að gera sig klára klukkan 23:30. Voru 11 leitarmenn klárir til að fara kl 6 um morguninn til að leysa af þau björgunarlið sem voru komin á staðinn. Þar að auki átti einn svæðisstjórnarmaður að til Ólafsfjarðar. Klukkan 10 mínútur yfir 5 um morguninn var aðstoðin afturkölluð þar sem ábúandinn sem leitað var að var fundinn. Bóndinn á bænum, Kári Ástvaldsson, 47 ára, fórst í snjóflóðinu en hann bjó einn.

Björgunarsveitir leita eldri manns í Aðaldalshrauni

Á sjötta tímanum þann 17. janúar hófu Björgunarsveitin Garðar á Húsavík og Hjálparveit skáta í Aðaldal leit að eldri manni sem fór á gönguskíði í Aðaldalshrauni fyrr sama dag. Þegar leið á daginn versnaði veður á svæðinu og hafði þá maðurinn símasamband og sagðist vera villtur.

Hjálparveitin Dalbjörg var kölluð út rétt fyrir klukkan sjö og var óskað eftir gönguskíðamönnum í leitina. Voru þá um 30 björgunarsveitarmenn byrjaðir að leita mannsins. Nokkrir Dalbjargarmenn voru farnir að undirbúa sig af stað en voru afboðaðir stuttu seinna þar sem maðurinn var fundinn.

Maðurinn varð björgunarsveitarmanna var þegar leit var hafin og gat gert vart við sig, að því er segir í tilkynningu frá stjórnstöð Landsbjargar.

Óveðurseftirlit

Um kl. 23 föstudagskvöldið 6. febrúar óskaði svæðisstjórn á svæði 11 eftir að hjálparveitin sendi af stað bíl til að aðstoða vegfarendur. Var þá orðið snarvitlaust veður á öllu norðurlandi. Það hafði verið árshátíð í Hrafnagilsskóla fyrr en kvöldið þegar veðrið skall á. Þrír menn fóru á einum bíl um alla helstu vegi í Eyjafjarðarsveit en allir virtust vera komnir til síns heima.

Sleðamaður óskar eftir aðstoð

Upp úr hádegi sunnudaginn 8. febrúar barst hjálparveitinni ósk um aðstoð frá sleðamanni sem hafði keyrt fram af hengju á Vaðlaheiði. Sleðamaðurinn var óslasaður en sleðinn stóð á kafi í annari hengju. Þrír Dalbjargarmenn lögðu af stað á sleðum en voru síðar afturkallaðir þar sem búið var að ná sleðanum.

Sleðamenn sem voru á ferð um Vaðlaheiði urðu varir við sleðamanninn óheppna og hjálpuðu honum að ná sleðanum.

Útkall á Sprengisandi

Mánudagskvöldið 8. mars var Hjálparveitin Dalbjörg beðin að aðstoða við leit að tveimur skiðagöngumönnum á hálendinu. Ferðalangarnir sem voru franskir höfðu farið upp Vatnahjallann og ætlað að ganga suður hálendið. Óljósar upplýsingar bárust frá þeim, þar á meðal hluti af GPS staðsetningarpunkti.

Á miðnætti fóru tveir Dalbjargarmenn ásamt þremur Dalvíkingum á sleðum inn Vaðlaheiði, yfir Gönguskarð og inn í Laugafell þar sem var fyllt á eldsneyti. Síðan var keyrt áfram inn á líklegt leitarsvæði og um 20 km sunnan við Laugafell keyrði leitarhópurinn fram á Frakkana og leitarhóp frá Súlum á Akureyri sem hafði fundið þá skömmu áður. Ekkert amaði að ferðalöngunum annað en að vera kaldir og þreyttir en þeir voru mjög fegnir að sjá björgunarliðið.

Þeir höfðu orðið hálf innilokaðir þar sem svæðið sem þeir voru á var orðið ekkert annað en stöðuvötn, krappa-pollar og ár. Snjóbill frá Hellu kom og flutti þá til byggða. Sleðamenn Dalbjargar komu aftur í hús sveitarinnar um klukkan 13:30 eftir 230 km langa ferð í snjó og krappa.



Tjaldbúðir gönguskíðamannanna.

Útkall inn á Skjöldal

Á fjórða tímanum þann 9. ágúst var leitað til Hjálparveitarinnar Dalbjargar eftir aðstoð vegna konu sem var handleggsbrotin inn á Skjöldal sem gengur vestur úr Eyjafjarðardal. Slysið varð með þeim hætti að hestur sparkaði í hendi konunar. Dalurinn er illfær og þurfti að notast við hesta til að komast á staðinn sem er eina 4-5 km inn á dalnum. Menn frá Dalbjörgu og Slökkviliði Akureyrar fóru með búnað á staðinn, bjuggu um áverka og verkjastilltu konuna. Var síðan hægt að leiða hest undir konunni niður að bænum Gilsbakka þar sem sjúkrahúsið beið þess að flytja hana á sjúkrahús. Að sögn læknis á FSA mun konan hafa farið illa úr olnbogalið en hún mun ná sér að fullu.

 **STRAUMRÁS**

Furuvöllum 3 · 600 Akureyri

Sími.: 461 2288 · Netfang: straumras@nett.is



Flugeldamarkaðu

í Hrafnagilsskóla



Eins og í fyrra verðum við í Hrafnagilsskóla og þar eru næg bílastæði!

Opnunartíminn verður sem hér segir:

27. desember frá kl. 18:00 – 22:00

28.–30. desember frá kl. 13:00 – 22:00

Á gamlársgangi frá kl. 10:00–16:00

6. janúar (prettándinn), í Bangsabúð við Steinhóla, frá kl. 10.00–16.00

Fyrir þá sem vilja verður auðvitað posi á staðnum.

**Haldið áfram
að styrkja öfluga hjálparveit í heimabyggð!**



Jón Sprettur

Viðjulundi 2

Sími 4 6 1 1 8 7 7

r DALBJARGAR!



Vífilfell

Furuvöllum 18 • Sími 462 1444



Sleðaflokkurinn í Fjörðunum

Í gær fóru þrjú félagar úr sleðaflokk Dalbjargar út á Grenivík til að kynna svæðinu þar. Við töluðum við björgunarsveitina Ægi á Grenivík og var það minnsta málið að leiðbeina okkur um svæðið.

Tveir félagar úr Ægi mættu á sleðum og fóru með okkur upp Kaldbak og inn Grenjadal og upp á Þröskuldinn. Þar var ákveðið að fara aðeins niður í Trölladal og vestur um Þverdal og upp á Skörð sem eru við enda



Sleðaflokkurinn í Hóls- og Bakkadal.

Hólsbakkadals. Skörðin eru reyndar varhugaverður staður og gott er að fara með kunnugum þar fyrst. Að fyrri skarðinu sem farið er upp á liggur löng brekka sem endar nánast lóðrétt í toppinn og þar uppi er flötin ekki nema 2-3 metrar á breidd. Af Skörðunum fórum við niður í Hólsbakkadal og niður að skýlinu á Þönglabakka þar sem tekin var nestispása.

Úr Þorgeirsfirðinum fórum við yfir í Hvalvatnsfjörð, upp hann og inn í Gil og þurfti aðeins að lagfæra hengju við norðurenda brúarinnar til að komast áhættulaust yfir við Gil. Þar var ákveðið að fara upp á Leirdalsheiði inn Leirdalinn og yfir í Flateyjardal að sæluhúsinu á Heiðarhúsum.

Í Heiðarhúsum aðstoðuðum við sleðamenn að koma fyrir sleða sem hafði verið ekið fram af hengju stuttu áður, ökumaðurinn slasaðist en félagar okkar í Súlum sem höfðu verið samferða sleðamanninum komu honum til byggða. Frá Heiðarhúsum ókum við til baka og af Leirdalsheiðinni fórum við beint yfir í Grenjadalinn og niður til Grenivíkur.

Viljum við þakka heimamönnum þeim Þorsteini og Guðjóni fyrir daginn.

Dalbjörg fær snjóflóðaylu að gjöf

Sigurður umdæmisstjóri VÍS á Akureyri afhendi Dalbjörgu fjóra nýja snjóflóðaylu að gjöf nú á dögum. Ýlarnir, sem eru af gerðinni Tracker, eru þeir nýjustu og fullkomnustu á markaðnum í dag og eru mjög nauðsynleg en dýr öryggistæki. Þeir koma sér vel þar sem ökumenn og farþegar sleða og snjóbíls þurfa að hafa þennan búnað í starfi auk þess sem enginn maður fer inn á snjóflóðahættusvæði án þess að hafa svona tæki fast við sig.




**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**
– þar sem tryggingar snúast um fólk

*Vegvísar eru ekki allir glöggir til fjalla
...hafið GPS með í för*


Haftækni
...öryggi í óbyggðum





Haustferð

Föstudaginn 10. september síðastliðinn fórum við Dalbjargarfélagar í okkar árlegu haustferð. Lagt var af stað um 14:00 frá Shell nesti og þjóðvegur 1 ekinn að Laugarbakka í Miðfirði. Þar var beygt út af og keyrt inn Miðfjörðinn að Aðalbóli sem er innsti bærinn. Þar var farið inn á Arnarvatnsheiði með Langjökul og Eiríksjökul framundan. Gekk ferðin vel að sæluhúsinu við Arnarvatn stóra, en þar versnaði leiðin mikið, var illfær næstu 20 km og því tók ferðin mun lengri tíma en áætlað var. Svo var ekið niður með Norðlingafljóti og niður hjá Kalmannstungu í Borgarfirði. Komum við í gisti-staðinn okkar, Brúarás, um 23:30 og þrátt fyrir langan og strembinn akstursdag var auðvitað sungið og trallað fram á nótt.

Á laugardeginum var byrjað var á að skoða Hraunfossa og Barnafoss. Þaðan var farið í Húsafell þar sem okkur var sagt frá Bæjargili, þar sem myndhöggvarinn Páll frá Húsafelli hefði höggvið nokkrar andlitsmyndir í steina við gönguleiðina inn í gilið. Við fórum og skoðuðum það og í ljós kom fallett gil með fossi í botninum. Einnig skoðuðum við Surtshelli og stóran íshelli í Hallmundarhrauni.

Þá var reynt að keyra upp á fjallið Strút þar sem er mikið og fallett útsýni er af toppinum, en þeir einu sem komust alla leið upp voru Bubbi og Viddi á hjólum og Þórður á bíl. Eftir það var ákveðið að skoða Deildartunguhver, sem er vatnsmesti hver á Íslandi og í leiðinni skoðuðum Snorralaug í Reykholti. Eftir það var síðan rennt til baka í Brúarás og grillað, farið í gufubað og auðvitað sungum við og skemmtum okkur fram eftir nóttu.



Gengið upp Bæjargilið við Húsafell.

Á sunnudeginum rann upp heimferðardagur. Ekið var suður Kaldadal að línuvegi sunnan Langjökuls og hann ekinn til austurs, þar bar meðal annars Skjaldbreiði og Hlöðufell fyrir augu.

Við keyrðum Kjalveg sem leið lá og ákváðum að koma við í Kerlingafjöllum og skoða svæðið. Keyrt var upp í Hveradal sem er háhitasvæði í hlíðum Kerlingafjalla, svo var útsýnið skoðað frá útsýnisstað þar í 1000 m hæð og þaðan sáust til dæmis Langjökull og Hofsjökull. Eftir það stoppuðum við á Hveravöllum þar sem sumir fóru og skoðuðu Öskurhver, Bláhver, Eyvindarhver og gamlan gagnamannakofa. Eftir það lá leiðin í Varmahlíð og var þar tekið hamborgarastopp áður en brunað var heim.

Guðlaug Tryggvadóttir



Bústólpi
*óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegrar jólahátíðar
með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.*



Þorrablót á fjöllum

Eins og allir vita þá er mikið um það að félög haldi þorrablót eða árshátíðir. Við ákváðum að halda okkar þorrablót á fjöllum og stefnan var sett á Hveravelli. Lagt var af stað frá Akureyri föstudaginn 6. febrúar og þótt veðurspá væri reyndar ekki góð var ákveðið að láta slag standa eftir stutt stopp í Varmahlíð og halda áfram. Þá var veður mjög farið að versna og þegar upp á skarðið kom var þar orðið kolvitlaust veður og það sá ekki út úr augum. Við röktum okkur áfram stiku frá stiku uns áhveðið var að snúa við. Við fórum því aftur niður í Varmahlíð og fengum þar að gista í húsi félaga okkar í Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð. Snemma morguns virtist vera komið sæmilegt veður og voru sleifin og potturinn notuð til að ræsa fólkið við mismikla hrifningu. Aftur var haldið af stað, en það var eins vitlaust veður á skarðinu og daginn áður og það var ekki fyrr en um hádegi sem við komumst áfram vestur. Brúin á hópn- um léttist í takt við vaxandi sólargeisla sem mættu okkur á Kili. Ferðin til Hveravalla gekk eins og í sögu, en þar sem við áttum aðeins fasta gistingu þar nóttina áður var áhveðið að þeysa áfram. Ekið var í geislum kvöldsólarinnar og ört vaxandi frosti í átt að Ingólfs-skála. Gekk okkur vel þangað og vorum á góðum tíma þannig að næsti gististaður skyldi vera Laugarfell. En ekki löngu eftir að við fórum frá Ingólfs-skála byrjaði útlitið að versna, bæði fór færið mjög að þyngjast vegna

veðurs nóttina áður og svo brotnaði framdrif í einum bílanna. Nú voru góð ráð dýr - frost var komið yfir 20°C og við vissum að við kæmum bílnum ekki til baka í Ingólfs-skála. En þremur bílum var beitt fyrir þann drif-brotna og þannig komumst við í Laugarfell um kl. 04 um nóttina. Við tók um klukkutíma vinna við að berja klakann úr bílunum ef við ætluðum að geta hreyft þá að morgni. Ekki var sofið lengi því enn var löng leið til byggða og lagt var af stað upp úr 9 og stefnan tekin á Bárðardal. Áfram nuddaði lestin þótt hægt færi, en austur í Galtabóli varð annað óhapp; það brotnaði annað drif. Nú var aðeins einn bíll eftir laus sem gat dregið og búið til slóð fyrir hina og hægðist nú allverulega á lestinni. Við fengum aðstoð frá Akureyri á móti okkur en samt fór nú svo að skilja varð þessa tvo drifbrotnu eftir eina 20 km framan við Mýri.

Hópurinn sem kom til Akureyrar undir morgun á mánudegi var frekar daufur og syfjaður, en svona eftir á er þetta bæði gott og gaman í minningunni. Bílarnir voru svo sóttir seinna og okkar ágæti snjóbíll notaður í það verk og gekk það vel. Eftir þetta voru gerðar miklar breytingar á drifbúnaði annars bílsins og hann styrktur með von um að það haldi jafnvel þótt vanir torfærumenn séu undir stýri. En lýk ég þá hér sögu minni af þessu þorrablóti.

Ingvar Ingólfsson



Pungfært á þorrablót og þá er ekki annað að gera en að fara út að yta...!



10.-bekkjarferðin 2004

Föstudaginn 16. apríl fórum við í 10. bekk í Hrafnagils-skóla, í hjálparveitarferðalag. Við vorum tólf úr 10. bekk sem fórum og með okkur fóru þeir Ingi, Eiður, Ragnar, Viðar, Brynjar, Tómas og Katla. Við fórum og skoðuðum Laxárvirkjun þar sem við þurftum að vera

með bjánalega, hvíta hjálma, og svo byrjaði fjörið þegar við keyrðum út af aðalveginum.

Þegar við komum að Þeystareykjum fóru flestir 10. bekkingarnir að leika sér í snjónum fram að kvöldmat. Seinna um kvöldið komu svo Pétur og Guðjón með

einn 10. bekking í viðbót, og svo var sungið og spjallað saman fram á nótt.

Við fórum á fætur klukkan níu morguninn eftir, fengum okkur morgunmat og lögðum af stað og var ferðinni heitið í Vogagjá þar sem við ætl-uðum í sund. Á leiðinni þangað stoppuðum við í Reynihlíð þar sem við komumst í litla verslun og svo fórum við beint í Vogagjá. Eftir að hafa synt og leikið okkur í vatninu klæddum við okkur og fórum svo heim á leið. Við stoppuðum hjá Lindinni þar sem við kvöddumst og svo fór hver og einn heim til sín eftir mjög ánægjulega ferð.

Jóhanna Íris, 10. bekk



10.bekkur á leið í Vogagjá.

Sleðaflokkurinn í Laugarfell

Laugardagskvöldið 7. febrúar fóru fjórir félagar hjálpar-sveitarinnar á sleðunum okkar þremur upp Kerhólsöxl og inn í Laugarfell. Var áætlunin að hitta á jeppaflokkinn sem var á leið frá Ingólfsskála í Laugarfell, en hann hafði tafist vegna bilana.

Lagt var af stað kl. 23 frá Rútsstöðum og var hópurinn kominn í Laugarfell tveimur tímum seinna. Í Laugarfelli var logn, heiðskirt og um 25° frost og var gríðarlega fallegt um að lítast þar sem fullt tungl var þá um nóttina. Eftir nætursnarl og kakópásu í Hjörvarsskála var svo lagt í hann aftur heim. Alls voru farnir um 150 km.

Æfingarferð á Glerárdal

Þann 8. febrúar var sleðasveitin komin af stað í útkall en var svo afturkölluð. Vegna þess að allir voru tilbúnir var ákveðið að fara í æfingarferð og varð Glerárdalurinn fyrir valinu.

Byrjað var á að renna upp á ytri Súluna, þaðan var keyrt upp Lambárdal og upp á öxlina norðan við Bóndann. Ókum við síðan yfir skarðið þar beint austan við og ofaní Glerárdal og þaðan suður í Finnastaðadal. Hann var þræddur niður að Fremri-Lambá en þar hafði risasnjóflóð fallið niður og langt upp í hlíðina á mótí. Úr Finnastaðadalnum var farið til baka suður Glerárdalinn og fram af Þröminni. Fórum við niður Skjöldalinn en það þurfti að þræða snjóinn til þess komast þar niður. Færið var gott og farnir voru um 100 km.

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA



Hjálparsvéitin Dalbjörg heimsækir Hrafnagilsskóla



Guðjón fær kraft úr ...



Eiður loksins fastur!



Grétar á leið á fjöll?



Viðar afhendir Elvari nýju sleðana.



GPS-námskeið hjá Smára Sigurðssyni.

Tveir félagar í Hjálparsvéitinni Dalbjörg fóru í heimsókn í annan, þriðja og fjórða bekk Hrafnagilsskóla síðastliðinn föstudag. Tilgangur með heimsókninni var annarsvegar að afhenda skólanum ný lífsleikni kennslugögn sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg lét gera. Fjallar kennslufnið um Geimálfinn frá Varslys sem brotlendir á jörðinni. Var það 4. bekkur Hrafnagilsskóla sem tók formlega við bókunum.

Einnig var farið í 2. og 3. bekk og var þeim afhentar litabækur sem Lions klúbburinn Vitaðsgjafi gaf. Í litabókinni er ekki bara myndir til að lita heldur eru líka börnunum kennt hvern-

ig þau eiga að bregðast við ef að kviknar í. Síðan talaði Pétur slökkviliðsmaður við krakkana um eld og hættur samfara honum.



Pétur og Katla í heimsókn í

Rafhlöðu- og sjúkrakassasala

Eins og undanfarin ár fórum við á alla bæi sveitarinnar og skiptum um rafhlöður í reykaskynjurum. Í ár lögðum við að auki áherslu á sjúkrabúnað á heimilum og buðum upp á nokkar gerðir sjúkrakassa til sölu. Viðtökur voru gríðarlega góðar og seldist lagerinn upp nánast á fyrsta degi svo panta þurfti meira. Seld-

ust yfir 50 sjúkrakassar og púðar auk brunakrems sem seldist grimmt. Eins og vanalega seldum við talsvert af reykaskynjurum, auk nokkura teppa og slökkvitækja, skipt var um u.þ.b. 280 rafhlöður á heimilum sveitarinnar.

Umsjónarmaður slysavarna,
Kristján H. Tryggvason

Námskeið

22. janúar - Rötun

Námskeiðið var haldið í Bangsabúð og leiðbeinandi var Ingvar Pröstur Ingólfsson, Dalbjörgu. Það var farið í gegnum notkun á áttavítum og lestur á kortum. Námskeiðið tók eina kvöldstund og á það mættu 19 manns auk 3 frá Björgunarsveitinni á Árskógsströnd.

29. janúar - GPS

Þetta kvöld var haldið námskeið í GPS-tækni fram í Bangsabúð. Pétur R. Tryggvason Dalbjörgu kenndi okkur helstu atriði varðandi GPS-tæki. Námskeiðið tók eitt kvöld og það sóttu 16 manns.

15.-18. mars - Fyrsta Hjálp 1

Námskeiðið var haldið í Hrafnagilsskóla. Anna Sigrún Rafnsdóttir fyrstu-hjálparleiðbeinandi, kenndi mönnum rétt handtök í skyndihjálp. Bóklegar og

verklegar æfingar, námskeiðið var 20 tímar og alls sóttu 22 námskeiðið.

2.-3. október - Leitartækni

Þetta námskeið var haldið í H12, húsi Súlna á Akureyri. Þetta var tveggja daga námskeið í leitartækni, bæði bóklegt og verklegt. Fyrri dagurinn var að mestu bóklegur en sá seinni verklegur og var þá meðal annars farið í Kjarnaskóg og svæðið þar fyrir ofan og sett upp leit sem tókst með þrýði. Það voru 10 manns frá Dalbjörgu sem sóttu þetta námskeið.

Önnur námskeið

Auk þessara námskeiða hefur svæðisstjórnarmaðurinn okkar Ingvar P. sótt fjarnám í aðgerðarstjórnun núna í haust, auk námskeiðs í svæðisstjórnun sem tók eina helgi.




Við óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.

NORÐLENSKA

- landsins gæði



Við þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning



Bifreiðaverkstæði
Sigurðar Valdimarssonar
Óseyri 5 - Sími 461 2960 - Akureyri



TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN
Þegar mest á reynir!



BLIKK OG TÆKNIPJÓNUSTAN
...við lítikum með báttum



Akureyri • Sími 460 3636
www.olis.is



RARIK

Óseyri 9 • Sími 528 9000



Flugeldasýning

Hjálparsveitarinnar Dalbjargar
verður haldin 28. desember kl. 21:00
við Hrafnagil (Laugarborg)

Sýndar verða stærstu
söluvörurnar
t.d. kapp-
tertturnar
í bland við
sýningar-
flugelda

**Flugelda-
markaður
Dalbjargar**
í Hrafnagilsskóla

Næg bílastæði

Opnunartíminn
verður sem hér segir:

27. desember
kl. 18:00-22:00

28.- 30. desember
kl. 13:00-22:00

Á gamlársgagn
kl. 10:00-16:00

Fyrir þá sem vilja verður
posi auðvitað á staðnum

DEKKJAHÖLLIN

býður upp á flugeldasýninguna